# Námsáætlun fyrir textílmennt - 2. bekkur
## skólaárið 2019 – 2020

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum<br><br>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna<br><br>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum | Nemendur þjálfast í að sníða, klippa og vinna með nál og þráð.<br><br>Koddabarn - nemendur vinna koddabarn úr lérefti, teikna á það andlit og lita með taulitum. Hendur og fætur eru gerðar úr filtefni og saumaðar saman með þræðispori.<br><br>Fugl úr neti og ullarkembu.<br><br>Skykkjuverkefni- nemendur hanna og sauma skykkju í saumavélinni. | Frammistaða í tímum er metin.<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu<br><br>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt | Koddabarn- unnið út frá eigin hugmyndum nemenda.<br><br>Fuglaverkefni- nemendur búa til fugl út frá eigin hugmyndum og skreyta. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

<table>
<tr><td>Menning og umhverfi</td><td>-sagt frá nokkrum tegundum textílefna<br><br>-notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</td><td>Nemendur þæfa ullarkembu og gera mynd út frá eigin hugmyndum úr kembunni og skreyta.<br><br>Skykkjuverkefni- nemendur sauma skykkjur eftir eigin hugmyndavinnu úr afgöngum og áður nýttum textílefnum.<br><br>Fuglaverkefni- fuglinn er búinn til úr plastneti undan lauk og fylltur með ullakembu.</td><td>Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</td></tr>
</table>